

Samherji fiskeldi ehf.  
Glerárgötu 30  
600 Akureyri

Reykjavík, 3. mars 2020  
UST201901-275/H.R.A.  
08.12.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 15. nóvember sl. þar sem þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika er fram komu í eftirliti þann 2. september 2019 í Samherja fiskeldi ehf, Núpum. Þann 25. nóvember 2019 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### **Frávikin eru eftirfarandi:**

- 1. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Heimild starfsleyfis er til 100 tonna laxaseiða og 50 tonna bleikjuseiða á ári. Ársframleiðsla 2018 var 149 tonn, að mestu bleikja. **Rekstraraðili hefur sótt um breytingu á starfsleyfi. Starfsleyfistillaga sem var auglýst á vef Umhverfisstofnunar í desember 2019 tekur til 300 tonna af laxa- og bleikjuseiðum á ári.**
- 2. Gr. 2.8 og 3.3 í starfsleyfi.** Ekki hefur verið vakt að í samræmi við ákvæði gr. 2.8 og 3.3. Sýni sem átti að taka 2018 voru ekki tekin. Sýni voru tekin í október 2019, en ekki að fullu í samræmi við ákvæði starfsleyfis.
- 3. Gr. 3.3. og 3.4 í starfsleyfi.** Upplýsingar vegna vöktunaráætlunar og niðurstöður hafa ekki komið fram í grænu bókhaldi rekstraraðila. Ekki hefur verið vakt að í samræmi við samþykkt vöktunaráætlun.  
**Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að frávik í tölulíð 2 og 3 hér að ofan hafi komið til vegna bruna í eldisstöðinni í júní 2018. Þar sem þær sýnatökur sem vantaði upp á í október sl. hafi verið í frárennslisvatni fyrir hreinsibúnað og niðurstöður mælinga í frárennslisvatni eftir hreinsibúnað hafi verið innan marka starfsleyfis leggur rekstraraðili til að við næstu sýnatökur, sem fara eiga fram í mars-apríl 2020, verði sérstaklega að því gætt að vöktun verði í samræmi við nýjustu vöktunaráætlun. Niðurstöður þeirra mælinga muni svo fylgja með öðrum niðurstöðum í ársyfirliti og grænu bókahaldi vegna ársins 2019 sem skilað verði fyrir 1. maí nk.**
- 4. Gr. 3.1 og 3.7 í starfsleyfi.** Skv. gr. 3.1 skulu m.a. veðurfarsþættir skráðir. Skv. gr. 3.7 skal í ársyfirliti koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. gr. 2.7, 2.8, 3.1, 3.3 og 3.4. Veðurfarsþættir sbr. gr. 3.1 voru ekki til staðar í ársyfirliti, niðurstöður vöktunar skv. gr. 2.8, 3.3 og 3.4 voru ekki í ársyfirliti. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila munu þær upplýsingar sem vantaði upp á fylgja ársyfirliti framvegis, ásamt því að tafla fylgdi úrbótaáætlun sem sýnir veðurfarsþætti á árinu 2018.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila og ekki verður farið í frekari eftirfylgni með frávikunum að svo stöddu. Úrbæturnar verða teknar út í næsta eftirliti.**


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
Sérfræðingur

  
Helga Rut Arnarsdóttir  
Lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Suðurlands